

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Eyrarlandi í Eyjafjarðarsveit.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2022/6



BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR

Forsíðumynd: Stóragil á Eyrarlandi, mynd tekinn í vestur.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2022/6

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
EYRARLAND.....	3
FORNLEIFASKRÁ.....	4
SAMANTEKT.....	6
HEIMILDASKRÁ.....	7

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðin um að annast fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Eyrarlandi í Eyjafjarðarsveit. Afmarkað svæði er um 7 ha og í vestur afmarkarkast það af Veigastaðavegi og nær til austurs um 300 m upp í Vaðlaheiðina. Suðurmörkin eru í Litlagilslæk og í norður liggur það að landamerkjum Eyrarlands við Kotru. Stóragil liggur í gegnum skipulagssvæðið og er gilið vel gróið með trjáþyrpingum. Norðan við gilið eru gömul tún og ræktarland en sunnan við gilið er melur sem að hluta til er vaxinn trjáþyrpingum. Áform eru uppi að byggja allt að 10 íbúðarhús á svæðinu þar af 4 íbúðir norðan við Stóragil og 6 íbúðir sunnan við Stóragil. Ný vegtenging verður frá Veigastaðavegi og mun núverandi aðkoma af Eyrarlandsvegi leggjast af.¹

Til var gömul fornleifaskráning af svæðinu frá 1994 sem þarfnaðist uppfærslu.

Vettvangsathugun fór svo fram í lok júní 2022. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmanni fyrir góðar upplýsingar um svæðið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunnar Íslands: 2775.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.² Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.³

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

¹ Ómar Ívarsson, 2022

² Heimasíða Minjastofnunnar.

³ Heimasíða Minjastofnunnar.

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”⁴

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁵

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁶

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnist engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁷

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁸

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. á map.is frá árinu 1998 til 2020, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga og niðurbalsgögn frá Landmælingum Íslands. Til var gömul fornleifaskráning frá 1994 sem stuðst var við. Jafnframt var leitað eftir upplýsingum frá heimafólki sem þekkti vel sögu svæðisins. Þegar búið var að fara yfir allar þessar upplýsingar var svo vettvangsvinna þar sem gengið var skipulega um svæðið. Kortavinna var unnin í Microstation v8i með loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 2018.

Þrátt fyrir að það hafi verið gengið skipulega til verksins, verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

4. Eyyarland

Eyyarland eða Litla-Eyyarland eins og það var oft kallað áður fyrr til þess að aðgreina það frá Eyyarlandi hinum megin við fjörðinn sem var þá kallað Stóra-Eyyarland. Algengast virðist þó að hafa notað nafnið Eyyarland yfir báðar jarðirnar enda voru þær í sitthvorum hreppnum. Talið er að Litla-Eyyarland hafi byggst eitthvað seinna en Stóra-Eyyarland en elstu heimildir um jörðina finnast í mál dagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi frá árinu 1461. Þar er minnst á frátekna teiga sem Hafursstaðir og Eyyarland eiga í Þórunnarey. Líkegast er verið að fjalla þar um Litla-Eyyarland þar sem talið er að Þórunnarey hafi verið hólmarir sem eru austan við austustu kvíslar Eyjafjarðará.⁹

Tún jarðarinnar eru að mestu í brekkum fyrir neðan bæinn.¹⁰ Jörðinni tilheyrir beitaland í heiðinni, nokkrir hólmar í Eyjafjarðará og allstórt engi sem liggur meðfram austustu kvíslinni. Búðarlág er sunnan og neðan við túnið en talið er að það sé forn þingstaður Vaðlaþings. Þingið var aflagt árið 1187 að skipun Guðmundar dýra, en þar sést ennþá móta fyrir rústum sem voru friðlýstar árið 1930. Sunnan við Búðarlágina lá Þingmannaleið upp að Þingmannahnjúk en hann er í vestur brún Vaðlaheiðar töluvert fyrir norðan Bíldárskarð.¹¹

⁷ Heimasíða Alþingis.

⁸ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁹ Stefán, 2019, bls.2102.

¹⁰ Guðmundur, Jóhann og Valdimar, 2013, bls. 598 .

¹¹ Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 1070.

Gamla bæjarstæðið á Eyrarlandi er nokkuð ofarlega í heiðinni á milli tveggja gilja,¹² bæjarhúsin frá 1901 standa ennþá og eru notaðar sem geymslur í dag.¹³

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að grastekja hafi verið lítil, bæjarlækurinn hafi ollið skemmdum á túninu með grjótsáburði nokkrum árum áður en jarðarbókin hafi verið skrifuð en búið sé að rækta það upp aftur. Engi sé í hólum Eyjafjarðarar, úthagarnir séu bjarglegir en töluverð hætta sé fyrir kvikfé vegna holgryfja. Útigangur hafi verið á fé, torfrista og stunga hafi verið lök og fjalldrapi lítill. Á veturnar komi það oft fyrir að vatnsbólið bregðist og þá sé nokkuð erfitt að nálgast vatn vegna hálku. Áður hafi verið ágætis silungsveiði með dráttarnetjum í Eyjafjarðarós en sé enginn lengur vegna þess að áin hafi borið sand og grynningar upp í drættina einnig hafi selveiði verið til forna á leirunni en enginn hafi verið í manna minni.¹⁴

5. Fornleifaskrá

Engin af þeim menningarminjum sem voru skráðar í eldri skráningu eru innan deiliskipulagssvæðisins¹⁵ ekki voru heldur nein örnefni eða aðrar heimildir sem bentu til minja á svæðinu. Heimildarmaður kannaðist ekki við að hafa nokkurn tímann séð eða heyrt af nokkrum minjum á svæðinu en vissi að þarna höfðu verið kartöflugarðar áður fyrr,¹⁶ einnig höfðu verið þarna tún.¹⁷ Í vettvangsskönnun og við skoðun á loftmyndum fundust engar menningarminjar. Trjágróður hylur hluta af svæðinu og því litlar líkur á að finna eitthvað á því svæði í dag.



Mynd 1. Gamalt tún, mynd tekinn í suð-vestur.

¹² Ármann, Eggert og Sveinn, MCMLXXIII, bls. 410.

¹³ Vefuppfletti fasteignarskrár.

¹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 10 bindi, bls. 309.

¹⁵ Orri og Adolf, 1994, bls. 70-72.

¹⁶ Einar Grétar Jóhannsson, munnleg heimild.

¹⁷ Ómar Ívarsson, 2022



----- Deiliskipulagssvæði

nafn:	EYRARLAND	teikn. 24.06.2022 hj	Skýringar:	 BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
	EYJAFJARÐARSVEIT	mælikv. 1:2000 í A4	Afmörkun deiliskipulags í landi Eyrarlands l.nr. 133307.	
Unnið eftir mynd nr.				e575 frá Loftmyndir ehf. 2020

6. Samantekt

Deiliskipulagssvæðið er töluvert fyrir norðan gamla bæjarstæðið og því minni líkur á að mikið af menningaarminjum væri á þessu svæði. Ekki fundust neinar heimildir um að nokkuð væri á svæðinu né sást við vettvangskönnun eða á loftmyndum. Ef einhverjar menningarminjar hafa áður verið á þessu svæði þá er líklegt að þeim hafi verið raskað við ræktun kartöflugarða, túna eða skógræktar.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að þrátt fyrir að ekkert hafi fundist á vettvangi er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar finnist þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 30. júní 2022.
Hákon Jensson

7. Heimildaskrá

Ármann Dalmannsson, Eggert Davíðsson og Sveinn Jónsson (ritnefnd). (MCMLXXIII). Byggðir Eyjafjarðar II. bindi. Akureyri. Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1938). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Öngulsstaðahreppur, tíunda. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið.Ljósprentuð útgáfa 1987.

Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldsson og Kristján Sigfússon (ritnefnd). (1993). Byggðir Eyjafjarðar 1990, síðara bindi. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson (ritnefnd). (2013). Byggðir Eyjafjarðar 2010, Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Þjóðskrá, vefuppfletti fasteignarskrár. Þjóðskrá. Sótt af <https://vefuppfletti.skra.is/landeign/152588>. Skoðað 20.06.2022.

Stefán Aðalsteinsson. (2019). Eyfirðingar Öngulsstapahreppur. Akureyri. Sögufélag Eyfirðinga. Akureyri.

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson. (1994). Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár. Minjasafnið á Akureyri.

Ómar Ívarsson. (2022). Deiliskipulagsstillaga fyrir íbúðarbyggð á Eyrarlandi í Eyjafjarðarsveit (í vinnslu).

Heimildarmenn:

Einar Grétar Jóhannsson, 1955, Eyrarland, Eyjafjarðarsveit.